

Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018.

Endurskoðun og ráðgjöf ehf. telst vera tilkynningarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hluti af þeirri skyldu er að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavinum og að þeir sanni á sér deili.

Hluti af okkar aðgerðum til að framfylgja lögnum er framkvæmd áreiðanleikakönnunar og treystum við á samvinnu okkar viðskiptavina.

Áreiðanleikakönnun

Áreiðanleikakönnun er framkvæmd í samvinnu við Taktikal ehf. sem heldur utan um sveigjanlegar og öruggar lausnir fyrir stafræna traustþjónustu. Könnunin fer þannig fram að forsvarsmaður viðskiptavinar fær senda áreiðanleikakönnun með rafrænum hætti í tölvupósti. Viðkomandi er þar beðinn um að staðfesta eða hrekja almennar upplýsingar um skráningu lögaðilans s.s. gildandi skráningu stjórnar og prókúruhafa og skráningu raunverulegra eigenda. Forsvarsmaður lögaðila og eftir atviki einstaklingar þurfa að staðfesta og gera grein fyrir ríkisfangi, stjórnámálalegum tengslum, tilgangi viðskipta, uppruna fjármagns og hvort viðskiptin séu í þágu þriðja.

Óheimilt er að framkvæma viðskipti eða stofna til viðskiptasambands við viðskiptavinum ef skilyrði könnunar á áreiðanleika upplýsinga eru ekki uppfyllt. Áreiðanleikakönnun er ekki einungis framkvæmd í upphafi viðskiptasambands. Tilgangurinn er sá að afla upplýsinga um uppruna fjármuna og tilgang viðskipta vegna hvers viðskiptasambands en ekki síður sá að tryggja að upplýsingar og gögn, sem áður hefur verið aflað, uppfærast ef breytingar eiga sér stað (svo sem á stjórnarmönnum lögaðila), þar sem þær kröfur eru gerðar til fyrirtækisins að fyrirbyggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu ávallt réttar. Til að uppfylla þessa lagaskyldu ber starfsmönnum að fylgjast með því að sú sé raunin. Viðskiptavinir mega því búast við því að starfsmenn spyrji reglulega sömu spurninga, og kalli eftir sömu upplýsingum, og gert var í upphafi viðskiptasambands. Þetta er ekki aðeins lagaskylda heldur einnig mikilvægur þáttur í því að tryggja að aðeins þeir geti átt viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar, sem heimild hafa til þess á hverjum tíma. Með þessu móti er Endurskoðun og ráðgjöf ehf. því að uppfylla skyldur ásamt því að stuðla að öryggi viðskiptavina sinna í viðskiptum við fyrirtækið. Þær skyldur sem hér hefur verið lýst, og lagðar eru á fyrirtækið í lögum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, endurspeglar þær ríku kröfur, í þessu efni, sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi. Tilgangurinn er sá að taka á því alþjóðlega vandamáli sem peningabætti er, en það er talið ein af undirstöðum alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaverslunar og hryðjuverka. Í samræmi við þetta ber fyrirtækinu því, lögum samkvæmt, að tilkynna lögreglu um það ef grunur vaknar um að starfsemi hans sé notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.